

L Ö G

26

24. apríl

um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44
19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna breytist svo, að í stað töluorðsins 40000 komi: 55000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

27

29. maí

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Á eftir nr. 58 í 28. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi: 58a Netjatjara og netjalitur	1 kg		2
2. Á eftir orðunum „koma í veg fyrir ketilstein“ í nr. 59 í 28. kafla kemur: og ryð.			
3. Aftan við nr. 2 í 39A. kafla kemur svo hljóðandi athuga- semd: Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af plast- umbúðum af sérstakri gerð utan um íslenskar afurðir til út- flutnings.			
4. Á eftir nr. 6 í sama kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi: 6a — plastflot til netjagerðar	—	2	2
5. Í stað nr. 4 í 39B. kafla koma þrjú númer, svo hljóðandi: — plötur, þræðir, stengur ót. a.:			
4 — — úr svampgúmmí til skógerðar	—	7	8
4a — — úr svampgúmmí til annars	—	7	20
4b — — úr öðru	—	7	8